

Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 1. Febrúar 2017 kl. 20:00

1. Fundarsetning

Formaður Sunddeildar Keflavíkur, Hilmar Örn Jónasson, setur fundinn og býður alla velkomna.

2. Kosning fundarstjóra

Hilmar lagði til að Guðmundur Bjarnason yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

3. Kosning fundarritara

Guðmundur leggur til að Guðný S. Magnúsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar

Guðmundur lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar en hún er aðgengileg á heimasíðu félagsins en auk þess liggur skýrsla útprentuð á staðnum.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta aðalfundar

5. Skýrsla stjórnar

Hilmar fór yfir skýrslu stjórnar árið 2016. Hann fór yfir starf ársins þar sem ÍRB urðu Bikarmeistarar karla og kvenna í 1.deild ásamt því að verða einnig bikarmeistarar kvenna í 2. Deild. Liðið varð einnig Aldursflokkameistari en allir þessir titlar voru unnir undir sameiginlegu liði Keflavíkur og Njarðvíkur. Hilmar fór yfir samstarfið í ÍRB. Keflavík átti stóran hóp sundmanna í landsliðsverkefnum. Þá fóru sundmenn að keppa á alþjóðlegu móti í Lyngby í Danmörku þar sem 17 verðlaun skiluðu sér í hús. Stefanía Sigurþórsdóttir tók þátt í Olympíuhátíð Evrópuæskunnar og Norðurlandamóti Æskunnar. Á lokahófi ÍRB voru 200 gestir sem tóku þátt og þótti takast mjög vel. ÍRB eru búin að sigra AMÍ 6 sinnum í röð og 11 sinnum síðan 2001. Már Gunnarsson setti Íslandsmet í flokki S12.

Liðið fór í æfingaferð til Callella á Spáni í ágúst, mánaðarmótin september október var bikarkeppnin haldin þar sem ÍRB sigraði.

Á haustmóti Ármanns þá setti Már 6 íslandsmet.

Á ÍM25 sem haldið var 18. – 20. Nóvember þá stóðu sundmenn ÍRB sig ótrúlega vel en ÍRB vann 21 titill af 44 og í heild vann liðið 39 verðlaun.

4 sundmenn náðu lágmörkum á NM en einnig náðu 2 sundmenn Keflavíkur lágmörkum á HM en það voru Kristófer og Davíð Hildiberg.

Þeir keppendur sem tóku þátt í þessum landsliðsverkefnum voru Stefanía Sigurþórsdóttir sem tók þátt í NM og Davíð Hildiberg keppti á HM.

Speedo mótið var haldið í febrúar og Nóvember en aldurtakmarkið er 12 ára og yngri.

Mikil sjálfboðavinna fer fram innan deildarinnar.

6. Ársreikningar lagðir fram

Guðmunda Róbertsdóttir, gjaldkeri fer yfir endurskoðaða ársreikninga. Eintök liggja frammi. Hagnaður ársins var 1901.338.- Skuldir og eigið fé er 10.434.312

Reikningar lagðir fyrir og orðið var laust.

Einar Haraldsson þakkar góða skýrslu og góða starfsemi og samstarf gríðarlega gott. Mesti bónusinn er að halda börnunum í íþróttum. Reikningar félagsins líta mjög út og þakkar góða stjórnun.

Gunnrun Theodórsdóttir gerði athugasemd um að það vantaði í skýrsluna upplýsingar um Sundkarl og sundkonu Keflavíkur og Íþróttamann Reykjanesbæjar.

Reikningar lagðir fram til samþykktar, reikningar samþykktir.

Áætlun næsta árs

Guðmunda Róbertsdóttir les upp fjárhagsáætlun, Gert er ráð fyrir 1 milljóna kr. Tapi en það þarf að fjárfesta í nýrri ísvel og nýrri aðstöðu.

Sigurbjörg Róbertsdóttir tók til máls og sagði að það væri mjög gott að það sé notað fjármagn til þess að bæta aðstöðu sundmanna.

Ekki fleiri athugasemdir.

7. Ávarp gesta

Engir gestir tóku til máls

8. Kosningar

Guðmundur Bjarnason les upp núverandi stjórn.

a. Formannskjör

Tilkynna þarf framboð með viku fyrirvara, Hilmar Örn Jónasson gaf kost á sér og er hann sjálfkjörinn

b. Stjórnarmenn

Guðmundar Róbertsdóttir og Vala May Mason gefa kost á sér til stjórnarsetu í 2 ár. Enginn önnur framboð bárust og voru þær kosnar með lófaklappi. Áfram sitja Guðný S. Magnúsdóttir og Gunnrún Theodórsdóttir en þær voru kosnar til tveggja ára á síðasta aðalfundi.

c. Varastjórn

Sigurþór Sævarsson, Falur H. Daðason og Guðný Ósk Þórsdóttir gefa kost á sér til eins árs. Enginn önnur framboð bárust og voru þau kosin með lófaklappi.

d. Skoðunarmenn

Daði Þröstur Þorgrímsson og Birgir Ingibersson gefa kost á sér og var það samþykkt með lófaklappi. Ekkert framboð barst í varamann.

e. Nefndir og ráð

Vísað til stjórnar án andmæla.

9. Félagsgjald

Vísað til stjórnar án andmæla.

Kaffihlé

10. Önnur mál

Einar Haraldsson tekur til máls og óskar nýkjörnum formanni til hamingju en einnig óskar hann nýrri stjórn til hamingju. Hann vill þakka Guðrúnu Jónu Árnadóttur fyrir hennar framlag til sundsins og íþróttanna í Keflavík. Einar vildi minna á Aðalfund félagsins en breyting verður á fundartíma en hann verður kl. 18:00. Þá sagði Einar að Umhverfisdagurinn verður í endaðan apríl þar sem deildirnar koma sama og þrifa í sínu nærumhverfi. Einar vildi minna á Landsmót UMFÍ +50 verður haldið í Hveragerði og þeir sem skrá sig undir Keflavík þá er þáttökugjaldið greitt af Keflavík. Unglingalandsmótið verður haldið um Verslunarmannahelgina en Keflavík greiðir þar einnig þáttökugjaldið fyrir keppendur Keflavíkur. Þá vildi Einar minna á Evrópu unga fólksins en ýmis tækifæri og verkefni eru þar í boði en til þess að ná til þess markhóps þar sem póstur var ekki að skila sér til yngra fólk þá var Facebook síðan virkjuð til þess að ná til þessa hóps.

Einar vill minna á heimasíðuna og koma fréttum þar inn og deila henni síða til fréttamiðla eins og t.d. Víkurfréttir.

Þá er sjónvarpið farið og kominn nýr myndvarpi til þess að laga aðstöðuna.

Veiting starfsmerkja

Einar sagði frá því að 15 aðilar hafa fengið bronsmerki félagsins.

Einar Haraldsson veitti Gunnrúnu Theodórsdóttur og Guðrúnu Jónu Árnadóttur bronsmerki fyrir 5 ára starf.

Sigurbjörg Róbertsdóttir formaður Sundráðs ÍRB þakkar deildinni fyrir gott samstarf.

Guðmundur Bjarnason þakkar fyrir sig og gefur formanni sunddeildarinnar, Hilmari Erni, orðið.

Hilmar þakkar fyrir sig og þakkar Guðrúnu Jónu Árnadóttur fyrir samstarfið og býður nýja stórnarmeðlimi velkomna til starfa og sleit fundi kl. 21:00